

Jæja, nú er landsmóti í Reykjavík 2012 lokið. Það var mjög gaman að vera á landsmóti og sjá þar graðhesta sem við höfum verið að nota standa sig frábærlega vel. Fyrstan má nefna **Prinsinn frá Efra-Hvoli** sem hafnaði í 10. sæti í flokki 4. vetra stóðhesta.



Til að sjá fleiri myndir af Prinsinum melltu [HÉR](#) . Höfum til sölu folöld undan Prinsinum. Hægt að sjá þau á síðunni hér til vinstri undir flípanum "

Folöld

"

Næstan má nefna **Patrik frá Reykjavík** sem hafnaði í 5. sæti í flokki 6. vetra stóðhesta.



Til að sjá fleiri myndir af Patrik smelltu [HÉR](#) . Til sölu eru tveir tveggja vetra folar, ógeltir undan Patrik frá Reykjavík.

Að lokum **Prímus frá Brekkukoti** sem hafnaði í 12. sæti í barnaflokki ásamt knapanum Ásdísi Brynju Jónsdóttur. Þau hlutu lokaeinkunnina 8,43, þar af 8,74

fyrir
tölt



Til að sjá fleiri myndir af **Prímusi** og Ásdísi smelltu [HÉR](#).

Annars er **Prímus** til sölu og geta áhugasamir haft samband hér á síðunni undir flípanum "Hafa samband" eða hringt í Pétur í síma 897-3392.